

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 741/2009 um markaðsgreiningar á sviði fjarskipta.

#### 1. gr.

Í stað "5. nóvember 2008" í 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar komi: 11. maí 2016.

#### 2. gr.

b. liður 24. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Tilmæli Eftirlitsstofnunar EFTA frá 11. maí 2016 um viðeigandi vöru- og þjónustumarkaði á sviði rafræna fjarskipta sem geta gefið tilefni til fyrirframálagningar kvaða í samræmi við ákvæði gerðarinnar sem um getur í XI. viðauka EES-samningsins, lið 5cl (tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu), með áorðnum breytingum skv. aðlögunarákvæðum í bókun I með EES-samningnum og aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í XI. viðauka samningsins, sbr. ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 093/16/COL sem birtist í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 20, frá 30. mars 2017, bls. 1.

#### 3. gr.

Í stað "nr. 193/04/COL frá 14. júlí 2004" í c. lið 24. gr. reglugerðarinnar komi: frá 2. desember 2009.

#### 4. gr.

Í stað viðauka við reglugerðina kemur nýr viðauki sem birtur er með reglugerð þessari.

#### 5. gr.

##### *Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með stoð í 3. mgr. 18. gr. laga um fjarskipti, nr. 81/2003, sbr. 75. gr. sömu laga, og öðlast þegar gildi.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 5. febrúar 2018.*

**Sigurður Ingi Jóhannsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

**VIÐAUKI**

Viðkomandi vöru- og þjónustumarkaðir á sviði fjarskipta sem ástæða kann að vera til að fella undir fyrirframkvæðir í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu, sbr. tilmæli Eftirlitsstofnunar EFTA frá 11. maí 2016:

Markaður 1: Lúkning símtala í einstökum almennum símkerfum með fasttengingu – heildsala.

Markaður 2: Lúkning símtala í einstökum farsímakerfum – heildsala.

Markaður 3:

a) Staðaraðgangur með fasttengingu – heildsala

b) Miðlægur aðgangur með fasttengingu fyrir fjöldaframleiddar vörur – heildsala.

Markaður 4: Aðgangur með fasttengingu af miklum gæðum – heildsala.

**Fyrirvari**

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.